

LISTIR

Leiftursókn til leiksígurs

LEIKLIST

Leikfélag Reykjavíkur

PÚNTILA BÓNDI OG MATTI VINNUMAÐUR

Höfundur: Bertolt Brecht. **Pýðandi:** Þorsteinn Þorsteinsson. **Höfundur söngtexta:** Guðmundur Ólafsson. **Höfundur tónlistar:** Matti Kallio. **Leikstjóri:** Guðjón Pedersen. **Hljóð:** Ólafur Örn Thoroddsen. **Lýsing:** Kári Gíslason. **Búningar:** Helga I. Stefánsdóttir. **Leikmynd:** Vytautas Narbutas. **Leikarar:** Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Björn Hlynur Haraldsson, Gísli Örn Garðarsson, Guðmundur Ólafsson, Guðrún Ásmundsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Marta Nordal, Nina Dögg Filippusdóttir, Theódór Júlíusson og Valur Frey Einarsson. **Fimmtudagur 20. mars.**

Það er undarlegt til þess að hugsa að frægasta verk leikbókmenntanna sem fjallar um mannlíf í þúsund vatna landinu skuli skrifað af útlendingi – og meira að segja tveimur. Í leikskrá eru slitir úr vinnudagbók Bertolts Brechts frá sumrinu 1940 þar sem lýst er samvinnu hans og Hellu Wuolijoki við samningu verksins, en hún var borin og barnfeðd í Eistlandi, þó að mest hafi hún skrifað á finnsku.

Hér sannast að glögg er gests augað því það tekst að bregða upp mynd af Finnlandi milli-stríðsáranna í hnotskurn: togstreitu milli stéttanna sem m.a. voru afleiðingar grimmilegs borgarastriðs. Fátækt var mikil og landsmenn þurftu á sterki sjálfsmýnd sinni að halda í skugga ógnar þeirrar sem landinu stóð af nágrönnum sínum í Ráðstjórnarríkjum.

Það er einkum þrennt sem einkenni þessa sýningu. Hið fyrsta er að óvenjumörg tilsvör hafa verið felld niður í því augnamiði að halda henni innan tímamarka sem talið er að íslenskir áhorfendur þoli, m.a. forleikur, sjöunda atriðið

allt og söngtextar Brechts. Allt á þetta sammerkt að koma beinni framvindu leiksins lítið við. Annað er að Guðmundur Ólafsson, leikari og rithöfundur, hefur samið snjalla söngtexta sem Matti Kallio hefur samið löggin við. Ljúfsárir tangótónar setja sterkan svip á sýninguna og stytta áhorfendum stundir milli stórkaralegra leikatriðanna. Hið þriðja er leikmynd Vytautas Narbutas. Eitt af séreinkennum Brechts sem leikhúsmanns var hvílíka áherslu hann lagði á fíringaráhrif, þ.e. að áhorfendur misstu aldrei sjónar á þeirri staðreynd að þeir voru viðstaddir leiksýningu. Atriði þau sem felld hafa verið úr sýningunni eru gott dæmi um þennan þankgang. Það er greinilegt að Guðjón Pedersen leikstjóri leitast við að finna sýningunni nýjan farveg þó að hann vilji ekki ganga beint á svig við ætlun höfundar. Sviðið sem reist er að miðju sviðinu – eitthvað miðja vegu á milli lítills leiksviðs og finnsks tangódanspalls – á þó stærstan þátt í því að halda þessari hugsun höfundar á lofti.

Þessi leikmynd er einföld og sterk og leikurinn hverfist umhverfis hana, ofan á og undir henni þannig að engin tvö atriði hafa sömu afstöðu. Á þessum palli er leikið það sjónarspil sem persónurnar setja á svið fyrir sjónum annarra í verkinu svo fyrirætlanir höfundar eru hér umskapaðar sjónrænt og sem hluti af heild frekar en sem uppbot á leikrænni framvindu. Aftur á móti er leikmyndin ljósahönnuðin, Kára Gíslasyni, þung í skauti. Þó að ýmis atriði séu vel unnin er erfitt að koma í veg fyrir að sperrurnar skyggi á leikendurna. Skilin milli skjannabirtu og hálförökkurs voru á stundum of skörp þó að margt væri vel gert.

Búningar Helgu I. Stefánsdóttur voru fram-



Morgunblaðið/Jim Smart

„Theódór Júlíusson fór hamförum á sviðinu og sýndi svo stórkostlegan leik að helst væri hægt að kalla slíkt leiftursókn til leiksígurs.“

úrskarandi, margar hugmyndir bráðsnjallar eins og þegar Púntila stígur úr baðinu ábyrgðin og ráðfíkið uppmálað íklæddur rómverskri tógu. Litríki þeirra í samspli við hina léttu og leikandi tónlist Matta Kallio blekkti áhorfendur á stundum til að halda að þeir væru að horfa á gamansaman sveitaróman ef ekki hefði verið fyrir þátt Theodórs Júlíussonar sem fór hamförum á sviðinu og sýndi svo stórkostlegan leik að helst væri hægt að kalla slíkt leiftursókn til leiksígurs. Það var kominn tími til að fá Theodóri hlutverk sem er verðugt hans hæfileikum og hann sannar hér að hann er traustsins verður.

Aðrir leikarar stóðu sig einnig firnaveil. Það er langt síðan undirritaður hefur verið jafn-ánægður með þennan þátt í heild í sýningu hjá

Leikfélagi Reykjavíkur. Nýliðunin sem hefur orðið undanfarið er farin að skila árangri um leið og mjög sterkir nýgræðingar taka út þroska og eldri leikarar endurfæðast í listinni. Sýningin er sérstaklega vel unnin, heildarsýn leikstjóra skýr og nostrað við hvert smáatriði sem skilar sér í miklu öryggi í leiknum. Bergur Þór Ingólfsson er svolítið sérstakur Matti; gervið eins og eitthvað í ætt við teiknaðar persónur Tove Jansons. Bergur sýnir mikla breidd og styrk í leik sínum, munur á líkamlegu atgervi aðalleikaranna undirstríkar að Matti þarf á allri slægð sinni að halda.

Nína Dögg Filippusdóttir fer á kostum sem dóttir Púntila. Eins og við margar aðrar persónur er aðaláherslan lögð á hinn gamansama þátt verksins. Gott dæmi er dómarrinn í höndum Gísla Arnar Garðarssonar sem er leikinn sem hálfgerður trúður. En Gísli fær líka að sýna á sér gerólíka hlið sem hinn þögli og þungbúni leiguliði, Súrkala. Aðrir sem gera sér mikinn mat úr skopulegum möguleikum persónanna eru Valur Frey Einarsson, Marta Nordal, Guðmundur Ólafsson, Guðrún Ásmundsdóttir og Margrét Helga Jóhannsdóttir. Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Katla Margrét Þorgeirsdóttir sýna fjölbreyttari leik og gera fyllri persónur úr hvorutveggja sínu hlutverki, enda úr meira að móða. Björn Hlynur Haraldsson er þvífkt kameljón að hann hefur ennþá aldrei leikið tvö hlutverk á líka visu. Hér bætir hann bráðsnjöllum og glænýjum karakter í safnið. Nokkrum leikendum úr Stúdentaléikhúsinu bregður einnig fyrir sem statistum.

Brecht er allt annað en auðveldur viðfangs. Leikstjórnarstíll hans gegnsýrir textann. Guðjóni Pedersen tekst að brjóta upp verkið og móta það eftir eigin höfði án þess að draga úr því broddinn. Hann hefur blásið lífi í textann og komið auga á fjölmarga nýja möguleika sem felast í honum. Sýningin er heilsteypt, bráðfyndin, litrík og lifandi. Theódór Júlíusson sýnir undir stjórn Guðjóns Pedersens stórkostlegan leik sem Púntila en leikstjóra hefur jafnframt tekist að ná fram jafnbesta hópleik sem sést hefur á fjöllum Borgarleikhússins í svo stórrí sýningu.

Sveinn Haraldsson



Eitt sovéskra veggspjalda í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

Sovésk veggspjöld í Hafnarhúsinu

Í LISTASAFNI Reykjavíkur – Hafnarhúsi verður í kvöld, kl. 20, opnuð sýning á sovéskum veggspjöldum úr eigu safnsins, en þau hafa ekki komið áður fyrir almenningssjónir. Veggspjöldin vísa í senn til sterkrar hefðar í

Keppt í ljóða-flutningi

ÁRLEG samkeppni í flutningi ljóða fyrir framhaldsskólanemendur fer fram á nýja sviði Borgarleikhússins á morgun kl. 15. Félag frönskukennara og sendiráð Frakklands standa að keppninni í samvinnu við Borgarleikhúsið. Sautján nemendur frá ellefu skólum flytja utanbókar mörg af þekktustu ljóðum franskra bókmennta. Tónlist verður einnig flutt af nemendum úr nokkrum skólum. Fyrstu verðlaun eru ferð á tónlistarhátíðina Francocolies í La Rochelle en einnig verða veitt bókaverðlaun.

Dómnefndina skipa Sigurður Pálsson skáld, Hildur Loftsdóttir blaðamaður, Ragna Sveinsdóttir frönskukennari, Olivier Dintinger, formaður Alliance Française, og Þór Túlínus, leikari og leikstjóri.

grafískri hönnun sem var að finna í Sovétríkjum og ýmissa umræðuefna sem bar hæst þar í landi á tímum kalda stríðsins. Um leið eru þessar myndir áminning um hversu lítið hefur varðveist af samsvarandi list hér á landi frá þessum tíma.

Forsaga þessarar eignar Listasafns Reykjavíkur er sú að sumarið 2000 vildi franskri rithöfundurinn Thierry Salvador gefa Erró nokkurn fjölda sovéskra veggspjalda frá sjötta og sjöunda áratugnum, með þeim orðum að listamaðurinn gæti líklega unnið eitthvað úr þeim. Eftir að hafa séð þessi tæplega fimmtíu veggspjöld lagði Erró að vini sínum að gefa þau Listasafni Reykjavíkur; þarna væru dýrgripir sem vert væri að yrði haldið saman og fengju að njóta sín. Salvador varð við þessari bön vinar síns.

Sýningarstjórnar eru þeir Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, og Jón Ólafsson heimspekingur.

Sýningarstjórnir halda fyrirlastra í tengslum við sýninguna 9. apríl kl. 20.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 10–17 og lýkur 27. apríl.

CLINIQUE



Draumaliðið sem aldrei sefur Repair Dream Team

Hér koma nýju Repairwear næturvörumar, sem við höfum sótt um einkaleyfi á. Alla nóttina, þegar húðin er móttækilegust, hjálpar hið öfluga, rakagæfa Intensive Night Cream við að spoma gegn hrukum og línum, deyfa þær og draga úr þeim. Það virkar eðlilegt viðhaldsferli húðarinnar og endurnýjar birgðir hennar af styrkjandi náttúrulegu kollageni. Sólarhringsvirk andoxunarefni bæta áunninn skaða og fá húðinni vopn til að takast á við nýjan dag að morgni. RepairWear hjálpar þér að vakna úthvíld, hlaðin orku og eldhress.

Láttu Draumateymið um þetta - dreymi þig vell!

Kaupauki 7 hlutir!

Ef þú kaupir 2 hluti eða fleiri frá Clinique er þessi gjöf til þín*
Rakakrem 15 ml *
Advanced Stop Signs Serum 15 ml *
Augnskugga duo *
Varalitur *
Kornakrem 40 ml *
Aromaticx Elixir ilmur 4 ml * Meðan birgðir endast.



DEBENHAMS
SMÁRALIND